

Aðalfundur Hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Fundur 101 - Aðalfundur

Miðvikudagur 3. maí 2017

kl. 20:00 á sal Glerárskóla

Mættir: Stjórn + 20 gestir + 4 framsögumenn frá bænum

Dagskrá:

Berglind setur fundinn og tilnefni Eirík ritara og Helga fundarstjóra sem er samþykkt einróma.

Helgi fer yfir dagskrá og gefur formanni orðið sem fer yfir skýrslu stjórnar. Talað um atburði tímabilsins, Erindi sem höfðu borist. Umhverfisfé frá Akureyrarbæ og breytingar varðandi aðalskipulag Akureyrar 2005-2020.

Í kjölfarið eru umræður og fyrirspurnir úr sal:

- Bjarki varðandi þungaflutninga. Þungaflutningagata fyrir ofan síðuhverfi. Á ekki að setja pressu á bæinn að klára hana? Annað varðandi Hlíðarbraut - bara gangstétt öðru megin.
- Auður: Umferð við Hörgárbraut mikil. Hugleiða ætti að a setja brú yfir götuna í stað gangbrautar. Segist ítrekað verða vitni að "nætum því" óhöppum. Ath.semnd úr sal: Eru ekki undirgöng fyrirhuguð?
- Helgi áréttar að ábendingar þurfi að berast frá íbúum. Öðruvísi virki ekki hverfisnefndin sem skildi.
- Guðmundur Baldvin varðandi mótmæli Hverfisnefndar vegna íbúasvæði neðan Korssanesbrautar í ljósi óánæju íbúa með umferð og þungaflutninga þar. Bendir á að svæði neðan krossanesbrautar sé gott svæði fyrir íbúðabyggð og það verði að horfa á langtímaskipulagið. Gámaflutningar verða með öðrum hætti í framtíðinni og ekki um krossanesbraut.
- Ath.semnd úr sal vegna þéttingu byggðar: Með því að þétta byggð fjölgum við í skólum og íþróttum hverfisins
- Fyrirspurn frá Árna: hvað á að byggja neðan krossanesbrautar? Berglind svarar að það sé ekki ákveðið einungis sé búið að skilgreina svæðið sem byggingarreit.
- Fyrirspurn frá Árna: Varðandi snjómokstur. Lélegt hjá honum. Yfirleitt ekki mokað vel af gangstétt.
- Bjarki: Varðandi fund um íbúalýðræði. Veltir fyrir sér hvort það verði betra eða verra að eiga samskipti við bæjaryfirvöld ef breytingin gengur í gegn? Berglind svarar að fundurinn hafi verið kynning á fyrirkomulaginu og ekki hægt að draga ályktanir um slíkt út frá honum.

Kosning stjórnar:

Helgi fer stuttlega yfir hlutverk hverfisnefndar. Fram býður sig Auður og er það samþykkt af öllum viðstöddum.

Hlé – Kaffiveitingar

Framsaga um leikskólamál (fjórir mættir frá bænum), Soffía sviðsstóri, Hrafnhildur, Árni og ?

Soffía. Akureyri er flottur bær, vel hugsað um skóla. Tók dæmi um Naustaskóla sem var skipulagður fyrir 550 nemendur en aðeins 370 eru til staðar. Umframfermetrar nýtast sem leikskóli. Nemendatölur fara lækkandi sem hlutfall af íbúafjölda sem hefur áhrif á þróun skólastarfs. Þetta veldur því að málin eru skoðuð í því ljósi. Ákveðið að loka Hlíðarbóli þar sem öll börnin myndu rúmast í öðrum leikskólum. Hlíðarból minni eining, einkarekinn með kristileg gildi. Mjög góður leikskóli en ekki hagkvæm rekstrareining. Framtíðarsýn var hins vegar ekki kynnt nóg áður en tilkynnt var um lokun. Sýnin er sú að leikskóli komi á lóð Glerárskóla. Samlegðaráhrif skapast (mötuneyti nefnt sem dæmi). Verið að hanna leikskólann. Verður tilbúinn til noktunar árið 2020. Misskilningur hefur skapast að stefnt sé að opna 5 ára bekk í grunnskóla. Við ætlum okkur að koma öllum börnum fædd f mars 2016 í leikskola.

Hrafnhildur. Breytingar í árgöngum. 2010 árgangur mjög stór (310) síðan sífelld minnkandi og er 250 árið 2016. Þetta liggur til grundvallar lokun Hlíðarbóls. Í úttekt sem var gerð kemur fram að leikskólar eiga helst ekki að vera minni en 90 börn. Skipulagning erfið og tekur sem dæmi að af 40 umsóknum foreldra utan Akureyrar um leikskólaláss fyrir 2017 eru aðeins 9 komin með lögheimili. Öll börn á Hlíðarbóli fengu leikskólaláss í þeim skólum sem foreldrar óskuðu. Fækkun hefur verið í Glerárhverfi en sú fækkun virðist nú vera hætt.

Margrét úr sal: Skritin afstaða að bíða eftir fjölgun í hverfi áður en leikskóli byggist.

Álfhildur íbúi í Glerárhverfi: Ég vil að það komi fram að ég hef aldrei haft val að vera með börn í leikskóla í Glerárhverfi!

Auður: Mér finnst ekki hægt að bera saman lokun á Hlíðarbóli við önnur hverfi í bænum af þeirri ástæðu að langt er í næstu skóla sem eiga að leysa af hólmi. Úrræði hefði átt að vera komið áður en Hlíðarból lokaði.

Soffía: Þessi þjónusta þarf auðvitað að vera í hverfinu. Rætt hefur verið um að búa til einingu innan Glerárskóla. Sú aðstaða væri ekki fyrir yngstu börnin. Tek undir það að hér þurfi að vera leikskóli (í Glerárhverfi). Framtíðarsýn er e.t.v. að hafa skóla og leikskóla saman. Hægt þar sem ekki þegar er búið að byggja skóla og leikskóla í sitt hvoru lagi.

Fyrirspurn úr sal: Leikskóli má ekki dragast fram yfir 2020.

Athsemd úr sal: Bærinn er ekki barnvænn þar sem gjöld eru há. Gagnrýnt fyrirkomulag þar sem stólað er á dagforeldra af því að bærinn stendur sig ekki með leikskóla.

Árni varðandi gjöld: Ekki úr korti við það sem gerist annars staðar.

Soffía varðandi dagforeldra. Foreldrar vilja oft byrja með börn í smærri einingum en leikskóla. Þessi þjónusta þarf að vera til staðar. Dagforeldrar eru einkarekstur (í samhengi við að sé dýrt).

Fjölmargar ath.semdir úr sal þar sem bent er á ósamræmi þess að stefna á að þetta byggð en bóða ekki leikskólajónustu. Það laði ekki til sín yngra fólk með börn. Bent er á að í hverfið vanti yngra fólk. Til að

mynda blokkir í Skarðshlíð séu ekki gerða fyrir eldri fólk (ekki lyftur). Bent á að samhengi er á milli þess að leikskóli sé á svæðinu og aðsókn í grunnskóla hverfisins næstu ár á eftir.

Hrafnhildur. Uppbygging leikskóla hefur verið við umferðaræðar. Breytt stefna, láta fylgja frekar grunnskólum.

Soffía: Framtíðin. Næstu 10 ár mun fækka börnum sem nemur heilum árgangi. Á móti kemur að fleir börn úr grunnskóla fara í menntaskóla. Eftir því sem börnum fækkar í grunnskólum á að skoða að nýta skólana sem leikskóla. Sumir skólar það gamlir að vandséð að nýta þá í slíkt. Jafn dýrt og byggja nýtt.

Margrét. Of fáir krakkar skila sér í hverfinu í hverfisskólann. Mín reynsla að börn vilja fylgja vinum sínum úr leikskóla í grunnskóla "elta vini". Lagði til að búinn væri til hópur innan leikskóla sem eru úr sama hverfi og auka þannig líkur á að þau fari í hverfisskólann. Hefur bryddað uppá þessari hugmynd í leikskóla barna sinne en þetta þótti "of mikið mál". Skrítið hvað svona smáatriði er óframkvæmanlegt en ekkert mál að flytja krakka fram og til baka á milli leikskóla.

Annað "of mikið mál" sem hægt er að benda á. Líkskólar fjarri Glerárskóla með hóp af krökkum úr Glerárhverfi gera sér ekki ferð í Glerárskóla því leikskólinn "tilheyir" öðrum skóla t.d. Síðuskóla. Ekki hlustað á foreldra sem biðja um ferð í hverfisskóla sinna barna.

Elvar: verður leikskóli klár fyrir Glerárhverfi 2020?

Árni: Verkið er komið af stað í hönnun.

Guðmundur Baldv.: Það er ekki um stórar framkvæmdir á Akureyri næstu árin og það ætti að vera gott svigrum til að klára þetta verkefni.

Kallað úr sal: Er þetta komið á rekspöl?

Guðm Baldvin: Þetta er komið á fjárhagsáætlun. Þetta verður gert og vandinn leystur.

Hrafnhildur sem dæmi um að málið sé í farvegi: Unnið hefur verið hugmyndavinna með starfsfólki Glerárskóla og útbúin þarfalýsing.

Úr sal: Nú rennur út samningur við Glerárkirkju með pláss fyrir leikskólann 2021 myndar það ekki pressu að klára leikskólann hér?

Árni: Líklegt að framlengt samningur við kirkju

Úr sal: Hvað eru mörg börn á leikskóla aldri í Glerárhverfi:

Árni: 154

Berglind: Krakkar sem búa hér, hafa þau forgang í nýja leikskólann?

Hrafnhildur: Þarf að ræða þegar þar að kemur en líkur á að þau börn njóti forgangs

Rætt um nauðsyn þess að börn fái þá þjónustu að koma í heimsókn í grunnskólana og viðhalda því fyrirkomulagi.

Berglind bendir á hvernig foreldrar skanna hverfi fyrir búæld og stansar við það atriði að hér í Glerárhverfi vantar leikskóla. Þetta fær góðar undirtektir.

Önnur mál

Bjarki: Tillaga að koma Glerárstíflu á minjaskrá. (Ræða við minnjasafnið)

(Gamli) Ljótt hvernig gengið er fra mold neðan við Bónus

Ábending um verkefni. Gamla glerárbrú. Mjög hættuleg að verða. Slysgætu hæglega orðið. Helgi: hún er friðuð. Til er sjóður hjá vegagerðinni sem ætti að vera hægt að verja í þetta mál.

Ábending: Blindhorn við efri brú yfir Glerá þegar komið Sunnuhlíð úr norðri og beygt upp eða niður Borgarbraut

Umræða um leikskólalaval. Er það úrelt fyrirbæri? Við erum að búa til umferðarvandamál með því að dreifa börnum um allan bæ sökum þess að foreldrar hafa val og vilja vinsæla leikskóla. Ef leikskóli er vinsæll þarf þá ekki að skoða eitthvað málin í hinum leikskólunum.

Hvenær koma körfaboltasbjöldin? Berglind: Það er verið að skoða málið. Elvar: dýrt að láta bæinn koma hlutum fyrir.

Helgi lokar fundinum 21:50

Kaffiveitingar áfram og spjall. Húsinu lokað kl.22:15